



HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTURLANDS

# STARFSLEYFI

Skólphreinsistöðvar aðrar s.s./yfirfallsútrásir

**Starfsleyfishafi:** OR - Vatns og fráveitur sf. Hreinsistöð Bifröst  
Bæjarhálsi 1  
110 Reykjavík  
5012131870

**Starfsstöð:** Hreinsistöð Bifröst

**Fastanúmer fasteignar:** 2318599

**Útgáfudagur leyfis:** 10. ágúst 2021

**Gildir til:** 10. ágúst 2033

Eigandi/forráðamaður skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemi og rekstur fyrirtækisins sé í samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit svo og önnur lög eða reglur er starfsemina varða, svo og skilyrðum á fylgiskjali með leyfi þessu.

Fyrirhugaðar meiri háttá breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við heilbrigðiseftirlit. Ef fyrirtækið flytur eða eigendaskipti verða, fellur starfsleyfið úr gildi.

Fyrirtækið skal árlega greiða eftirlitsgjald í samræmi við gildandi gjaldskrá þar um. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við reglubundið heilbrigðiseftirlit, þar með talinni starfsleyfisvinnslu. Gjöld má innheimta með fjárnámi. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar.

Starfsleyfið gildir fyrir hreinsun á 2.250 persónueiningum af skólpi.

Leyfið er útgefið samkvæmt ákvæðum gildandi laga og reglugerða

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s. br.

Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018

Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1998

  
Þorsteinn Narfason  
framkvæmdastjóri

# Starfsleyfisskilyrði

## fyrir hreinsistöð og fráveitu OR á Bifröst

### I. ALMENN ÁKVÆÐI, MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

#### 1.1 Gildissvið

Starfsleyfi þetta gildir fyrir OR- vatns og fráveitu, kt. 591213-0160 hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið gildir í 12 ár frá útgáfudegi.

Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri starfseminnar og er skylt að fara eftir lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum. Rekstraraðili ábyrgist að starfsemin sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og að ákvæðum starfsleyfis og starfsleyfisskilyrða sé framfylgt. Hann ber umhverfisábyrgð, sbr. gr. 1.6 í starfsleyfisskilyrðum þessum. Starfsemi og frágangur fráveitumannvirkja skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Starfsleyfisveitandi getur sett ítarlegri skilyrði í starfsleyfi en þau sem fram koma í starfsleyfisskilyrðum þessum, ef aðstæður krefja. Jafnframt getur starfsleyfisveitandi dregið úr kröfum sem fram koma í starfsleyfisskilyrðum þessum.

#### 1.2 Markmið

Markmið starfsleyfisskilyrða þessara er að vernda vatn og umhverfi þess þannig að tryggt sé að starfsemin hafi ekki neikvæð áhrif á viðtaka og umhverfi og valdi fólki í nágrenni ekki ónæði eða óþægindum.

#### 1.2 Umfang

Starfsleyfið gildir fyrir tveggja þrepa skólphreinsistöð að Hvanneyri þar sem hámarksafköst móttöku eru 2.250 persónueiningum (pe.). með vísun í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 798/1998 um fráveitur og skólp.

Hnit (isn93): 378701.497 X 476287.284 Y. Degrees Decimal Minutes: N 64 45,920985 W -21 32,986161

#### 1.3 Stöðvun rekstar lokun

Starfsleyfishafa er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur skólphreinsivirkis er stöðvaður tímabundið eða ef um er að ræða varanlega rekstrarstöðvun. Í því skyni skal starfsleyfishafi útbúa áætlun um rekstrarstöðvun þar sem fjallað er um verklag sem miðar að því að lágmarka hugsanleg umhverfisáhrif vegna rekstrarstöðvunar. Tilkynna skal eftirlitsaðila um það ef starfsemi hefst að nýju hafi starfsemin legið niðri.

#### 1.4 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

## 2. STARFSHÆTTIR

### 2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum eða eftir atvikum bestu fánlegu tækni (BAT) sé hún tiltæk og draga sem mest úr því álagi sem starfsemin veldur á umhverfið. Skal hann setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Skulu umhverfismarkmiðin liggja fyrir við útgáfu starfsleyfis og skulu þau endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

Starfsleyfishafa er skylt að sjá til þess að á athafnasvæði hreinsivirkis sé gætt fyllsta hreinlætis og að lóð sé haldið snyrtilegri. Geymsla og uppsöfnun á úrgangi og öðru því sem ekki tilheyrir starfseminni á athafnasvæði er óheimil. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið. Þess skal gætt að meindýr og vargfulg komist ekki í æti frá hreinsistöðinni.

Ef eftirlit leiðir í ljós að vatnshlot sem skólp er losað í uppfyllir ekki kröfur í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, reglugerð um fráveitur og skólp eða kröfum í öðru regluverki skal heilbrigðiseftirlit gera starfsleyfishafa viðvart og skal grípa til úrbóta ef ástand vatns hrakar eða ef það er lakara en ástandsflokkun. Komi til þess skal rekstraraðili kom á umhverfisvöktun sbr. grein 4.2.

Aðkoma til tæmingar eða söfnunar úrgangs skal vera fullnægjandi að mati eftirlitsaðila.

### 2.2 Samskipti og samráð og birting gagna

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

Almenningur á rétt á upplýsingum um niðurstöður mengunareftirlits vegna rekstursins hjá eftirlitsaðila og eru þær gerðar opinberar á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Vesturlands sama á við um eftirlitsskýrslur.

## 3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

### 3.1 Losunarmörk, þéttleiki og meðferð skólps og ofanvatns

Hreinsivirki skal uppfylla kröfur um losunarmörk í reglugerð um fráveitur og skólp, sbr. 3. tl. 4. gr. starfsleyfisskilyrðanna. Safnræsi og annar búnaður til meðferðar á skólpi skal vera þéttur svo ekki leki vatn inn eða skólp út.

Hreinsivirki fráveitu skal vera í samræmi við eðli og umfang skólpsins sem hreinsa á. Affallsvatn hitaveitu og ofanvatn skal ekki leiða í skólphreinsivirki heldur skal, t.d. beita blágrænum lausnum fyrir slíkt vatn sé þess nokkur kostur.

### 3.2 Úrgangur og tæming

Tanka, ker og ílát sem úrgangi er safnað í skal tæma reglulega og eftir þörfum, af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi, og flytja á móttökustöð sem hefur starfsleyfi til förgunar

og/eða meðhöndlunar viðkomandi úrgangs eða til endurnýtingar í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru og fylgiskjal IV í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

### 3.3 Loft

Tryggja skal að stöðin valdi ekki fólki í nærliggjandi húsakynnum óþægindum vegna efna-, sótt- eða lyktarmengunar. Efna-, sótt- eða lyktarmengun skal heldur ekki verða við meðhöndlun, flutning og förgun úrgangs frá fráveitunni eða hreinsistöðinni.

### 3.4 Hávaði

Um hávaða gilda ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Hávaði sem berst frá stöðinni skal ekki vera meiri en kveðið er á um í viðauka með reglugerðinni, sbr. töflu 1 í 3. tölulið.

## 4. INNRA EFTIRLIT

### 4.1 Eftirlit og skráning

Eftirlitshafi skal hafa reglulegt eftirlit með búnaði og umhverfis- og rekstrarþáttum sem valda mengun eða losun efna út í umhverfið.

Starfsleyfishafi skal halda eftirlitsdagbækur þar sem skráð eru atriði er varða fyrirkomulag og eftirlit með hreinsivirki fyrirtækisins, þ.m.t. reglubundnar tæmingar og viðhald.

Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu þær vera teknar saman í árlegri skýrslu sem send er heilbrigðiseftirlitinu til upplýsinga.

- a. Sýnatökur og mælingar á inn- og útrennsli stöðvarinnar og rennsli um stöðina.
- b. Vöktun í viðtaka ef við á.
- c. Magn seyru, sands og fitu/olíu sem hreinsað er úr skólpinu
- d. Nafn flutningsaðila og móttökustaðar ásamt dagsetningu á afhendingu úrgangsins.
- e. Eftir atvikum förgunarstað seyru, vinnlustað eða landgræðsluvæði.
- f. Upplýsingar um þjónustuaðila vegna losunar/meðhöndlunar úrgangs og seyru. Skulu kvittanir frá móttökuaðila vera aðgengilegar eftirlitsaðila.
- g. Óhöpp eða slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna, umfram það sem starfsleyfið heimilar.
- h. Stöðvanir vegna bilana, viðhalds eða af öðrum ástæðum. Skrá skal m.a. ástæðu stöðvunar, viðbrögð og tímalengd þeirra ásamt afleiðingum varðandi hreinsun, losun í viðtaka eða eftir atvikum notkun neyðar- og yfirfallsútrása.
- i. Atriði er varða rekstur stöðvarinnar, s.s. hreinsun og viðgerðir, rekstur og viðhald.

Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði, m.a. síum og skiljum skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun. Eftirlitskerfi skal vera með rekstri hreinsivirkisins sem gefur merki um leið og hreinsun fellur niður eða mannvirkið starfar að öðru leyti ekki eins og til er ætlast.

### 4.2 Umhverfisvöktun

Starfsleyfishafi skal vakta helstu umhverfisþætti í samræmi við umfang losunar þar sem við á, í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt vöktunaráætlun sem rekstraraðili leggur fram og starfsleyfishafi

yfirfer og samþykkir eftir atvikum. Áætlunin skal vera til afmarkaðs tíma hverju sinni og er fer í gagn þegar viðtaki uppfyllir ekki kröfur eins og getið er um í grein 2.1.

Vöktun rekstraraðila skal taka mið af þeirri vöktun sem fram fer á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Starfsleyfishafi gerir tillögu að vöktunaráætlun og heilbrigðiseftirlit samþykkir að höfðu samráði við Umhverfisstofnun.

### 4.3 Mælingar og losunarmörk

#### Sýnatökuaðstaða

Til staðar skal vera sýnatökuaðstaða eða staður sem gerir kleift að taka dæmigerð sýni af óhreinsuðu skólpi þar sem það kemur inn í hreinsivirkið, sem og hreinsuðu skólpi þar sem það kemur út úr hreinsivirkinu áður en það er losað í viðtaka. Fyrirkomulag sýnatökuaðstöðu skal tryggja góða blöndum skólpsins sem sýni er tekið af. Þar sem ekki er hægt að koma því við skal blöndun við sýnatöku tryggð á annan hátt, t.d. með hrærara.

#### Losunarmörk

Hreinsað skólp sem losað er í viðtaka skal standast losunarmörk<sup>1</sup> sem gefin eru töflu 1 í viðauka I í reglugerð um fráveitur og skólp. Komi til þess að reglugerðin verði endurskoðuð með strangari kröfum á stafsleyfistímanum þá gilda þær kröfur. Losunarmörkin eru tekin saman í eftirfarandi töflu (hámarksstyrkur og/eða lágmarkshreinsun) ásamt markmiðum um hreinsun og styrk sem skulu gilda:

				Fjöldi shr. blandsýna á ári		Fjöldi sýna sem þarf að uppfylla losunarmörkin***	
	Hámarksstyrkur, mg/l	Lágmarks-hreinsun, %	Hreinsunarmarkmið, %	2.500 pe		2.500 pe**	
BOD <sub>5</sub>	25	70	90	D hluta I. viðauka rgl. um fráveitur og skólp	4 sýni	3. töflu í I. viðauka rgl. um fráveitur og skólp	Öll nema eitt sýni
COD	125	75		Skv. D hluta I. viðauka rgl. um fráveitur og skólp	4 sýni	Skv. 3. töflu í I. viðauka rgl. um fráveitur og skólp	Öll nema eitt sýni
Svifagnir	35*	90*		Skv. D hluta I. viðauka rgl. um fráveitur og skólp	4 sýni	Skv. 3. töflu í I. viðauka rgl. um fráveitur og skólp	Öll nema eitt sýni
Saurgerlar og saurkokkar við útrás	1000/100ml				12 sýni Fjórðahvert ár		Af 10 teknum sýnum má eitt falla

\* Valfrjáls losunarmörk. Ákveðið í starfsleyfi.

\*\* Starfsleyfisveitandi getur ákveðið aðra tíðni sýna eða annan fjölda sýna sem ekki þurfa að uppfylla losunarmörkin.

\*\*\* Flokkar losunarmarka: Hámarksstyrkur, mg/l og/eða lágmarkshreinsun, %. Starfsleyfisveitandi ákveður hvað eigi að gilda.

<sup>1</sup> Annaðhvort losunarmörkin fyrir hámarksstyrk eða losunarmörkin fyrir lágmarkshreinsun eða hvor tveggja. Svifagnir eru valfrjálsar nema mælinga á þeim sé krafist í starfsleyfi.

#### 4.4 Sýnataka og mat sýna

Um innra eftirlit, skólpsýnatöku, meðferð og mat á sýnum fer skv. D-hluta 1. viðauka reglugerðar um fráveitur og skólp. Ef valið er að miða við hámarksstyrk er í hverri sýnatöku nóg að taka eitt sýni af skólpi eftir hreinsun. Ef valið er að miða við lágmarkshreinsun skal hverju sinni taka sýni fyrir og eftir hreinsun. Taka sólarhringsblandsýna skal að jafnaði vera jafndreifð yfir hvert almanaksár, þó skal hnika til sýnatökudögum til að endurspegla breytileika í álagi á milli daga innan ársins. Blandsýnin skulu tekin yfir sólarhring og skulu miðast við hlutfall flæðis eða sólarhrings.

Fyrir BOD<sub>5</sub>, COD og svifagnir skal ákveðin fjöldi sýna uppfylla losunarmörkin (sbr. töfluna hér að ofan).

Þegar innra eftirlit tiltekins árs sýnir að hreinsivirknið uppfyllir kröfur um losun er heimilt að minnka fjölda bandsýna á ári úr 4 niður í 2 almanaksárið á eftir. Ef eitt þessara sýna stenst ekki settar kröfur skal taka 4 sýni næsta almanaksár á eftir, sbr. ákvæði hér að ofan.

#### 4.5 Útrás og neyðaryfirfall

##### Útrás

Heimilt er að losa hreinsað skólp frá hreinsistöðinni í skurð þaðan sem það rennur í viðtaka, ósa Hvítár (104-34-T, vatnshlotanúmer skv. lögum um stjórn vatnamála). Útrás skal vera undir lægstu vatnsstöðu og þannig frá henni gengið að náttúruleg ásvind viðkomandi svæðis skaðist ekki. Við útrásir þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka sem ekki njóta sérstakrar verndar má hvergi vera: Set eða útfellingar, þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir), Olía eða froða, sorp eða aðrir aðskotahlutir né efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

##### Neyðaryfirfall

Neyðaryfirfall er heimilt að nota þegar rafmagnsbilanir eða aðrar bilanir eða óviðráðanleg atvik verða sem stöðva skólphreinsunina. Þegar reglulegt viðhald fer fram skal halda hreinsivirkinu í gangi sé það hægt. Notkun neyðaryfirfalla vegna rennslistoppa er óheimil.

Notkun neyðaryfirfalls skal tilkynnt eftirlitsaðila tafarlaust. Verði bilun í rekstri hreinsivirkis sem ætla má að dragi úr getu þess til að taka við og hreinsa skólp skal viðgerð fara fram án tafar.

#### 4.6 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila skýrslu um umhverfisvöktun og innra eftirlit samkvæmt greinum 4.1 til 4.3 fyrir 1. maí ár hvert vegna ársins á undan ásamt mæliniðurstöðum skv. grein 4.1. Eftirlitsaðili getur fallist á annað fyrirkomulag á þessum skilum, óski rekstraraðili þess.

#### 4.7 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða kostnað við mælingar og rannsóknir á mengun samkvæmt 4. kafla. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og eftirlitsaðili samþykkir.

Starfsleyfisskilyrði þessi eiga sér stoð í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp og reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.